



Dómsmálaráðuneytið
Samráðsgátt mál nr. 70/2021

Reykjavík 10. mars 2021

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um drög að frumvarpi til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (barnaníðsefni, atriði sem hafa áhrif á refsihæð, hatursorðræða, mismunun sökum fötlunar).

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um drög að frumvarpi til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (barnaníðsefni, atriði sem hafa áhrif á refsihæð, hatursorðræða, mismunun sökum fötlunar).

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka fyrir boð um að senda inn athugasemdir við ofangreint mál.

Barnaheill hafa frá árinu 2001 rekið Ábendingalínu (<https://www.barnaheill.is/is/abendingalina>) um ólöglegt og óviðeigandi efni á neti sem varðar börn og eru þátttakendur í regnhlífasamtökum ábendingalína um heim allan, INHOPE, sem allar vinna gegn útbreiðslu kynferðisofbeldis gegn börnum á neti.

Málefni þessa frumvarps stendur samtökunum því afar nærri og styðja Barnaheill heils hugar við tillögurnar um að hækka refsiramma vegna brota 210. gr. a almennra hegningarlaga, til samræmis við alvarleika þeirra brota sem þar um ræðir, barnaníð eða kynferðisofbeldi gegn börnum sem sett er á netið.

Samtökin eru ásátt við að kveðið verði á um að brot gegn ákvæðinu varði allt að 6 ára fangelsi, ef brot telst stórfelld, en vilja þó benda á að fram hafa komið brot sem geta varðað við 202. gr. eða 194. gr. hgl., þ.e. sbr. 22. gr. sömu laga. Þannig eru til mál þar sem einstaklingar panta kynferðisofbeldi gegn barni á neti í beinu streymi, gegn greiðslu. Því er réttast að miða við að ef að slík mál koma inn á borð lögreglu hér á landi að þá verði ákært fyrir þau á grundvelli fyrrgreindra ákvæða, þ.e. sem hlutdeild í nauðgun á barni.

Barnaheill telja eftirspurn eftir barnaníðsefni stuðla að því að börn séu beitt kynferðisofbeldi. Því er ábyrgð þess sem sækist eftir að fá sent barnaníðsefni til sín eða leitar að því á netinu, mikil og alvarleg og í raun hlutdeild í því að brotið er kynferðislega gegn barni, þó barnið kundi að vera í fjarlægju landi. Sá sem tekur þátt í og viðheldur dreifingu á barnaníðsefni á netinu er í raun að kalla eftir því að nýtt barn verði beitt kynferðisofbeldi og ber því ríka ábyrgð gagnvart því barni. Sá eða sú sem greiðir fyrir aðgang að slíku efni fremur enn alvarlegra brot eins og áður var nefnt, og sýnir slíkan ásetning að meta ætti slíkt til enn þungri refsingar. Framleiðsla á barnaníðsefni er oft skipulögð brotastarfsemi og rekin í hagnaðarskyni. Oft eru börn tekin mansali og gerð út sem kynlífsþrælur og nýtt í ágóðaskyni með því að myndefni af þeim er dreift á netið. Þannig geta þau þurft að upplifa síendurtekið brot við það að brotin gegn þeim lifa áfram á netinu. Vinna þarf skipulega gegn því að brot sem þessi séu umborin á Íslandi, þ.e. að frá Íslandi sé eftirspurn eftir barnaníðsefni, og gera þarf lögreglu og ákærvaldi kleift að rannsaka hugsanleg brot í fyrirbyggjandi tilgangi, þ.e. með forvirkum aðgerðum og koma í veg fyrir frekari dreifingu myndefnis sem sýnir kynferðisbrot gegn börnum.

Samtökin telja aðrar tillögur til breytinga á ákvæðinu til bóta og vilja sérstaklega minnst á þá breytingu að börnum á aldrinum 15-17 ára verði ekki gerð refsing fyrir að senda kynferðislega mynd af sér til annars þar sem samþykki beggja liggur fyrir. Barnaheill áréttu þó að þegar mynd er deilt áfram til þriðja aðila þá er að öllum líkindum um brot gegn ákvæðinu að ræða því tæpast myndi liggja samþykki fyrir því. Barnaheill hafa undanfarið vakið athygli samfélagsins á alvarleika þess að deila ekki áfram

myndum sem börn og fullorðnir fá sendar og sýna börn á kynferðislegan hátt því slíkt sé brot gegn barninu, heldur tilkynna um það til Ábendingalínu Barnaheilla.

Það hefur skelfilegar afleiðingar fyrir öll börn að vera beitt kynferðislegu ofbeldi og hvert einasta barn skiptir máli og hefur rétt til verndar gegn slíku og öðru ofbeldi.

Barnaheill fagna því að fram er komin tillaga að því að leiðrétta refsiramma þann sem nú er tilgreindur í 210. gr. a. hgl. Samtökin fagna því jafnframt að nú loks er að breiðast út samfélagsleg meðvitund um alvarleika og tilveru þeirra brota sem hér um ræðir og hvetja til þess að frumvarpið verði að lögum.

Að öðru leyti eru samtökin sammála þeim lagabreytingatillögum sem í frumvarpsdrögum koma fram og styðja þær heils hugar.

Barnaheill hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi og leggja sérstaka áherslu á vernd barna gegn ofbeldi.